

Mál nr. 376/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Gáleysi.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 13. nóvember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 13. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að bifreiðinni X, sem er í eigu M, var ekið um Úlfarsfellsveg þegar rafmagnshlaupahjóli var ekið inn á veginn og á bifreiðina, nánar tiltekið aftara dekki bifreiðarinnar. Af sameiginlegri tjónstilkynningu aðila kemur ekki fram í orðum hvernig tjónatvikið varð. Í henni er hins vegar teikning sem bendir til þess að bifreið M hafi verið á akbrautinni og rafmagnshlaupahjólínu hafi verið ekið inn á hana. Af frekari frásögn og ljósmyndum sýnist tjónsatvikið hafa orðið við hraðahindrun á veginum sem er rétt við þann hluta gangstéttar sem gert er ráð fyrir að gangandi og eftir atvikum hjólandi vegfarendur fari yfir veginn. Ekki eru þó hefðbundnar gangstéttarmerkingar á staðnum. Af sömu gögnum má ráða að eitthvað tjón hafi orðið á rafmagnshlaupahjólínu en framburður stjórnanda þess af atvikum liggur ekki fyrir í málinu. Í tölvupósti V til M dags. 28. október 2022 kemur fram að V hyggist „...bæta tjón á ökutæki mótaðila“ og er það ítrekað í tölvupósti 7. nóvember 2022.

Í málskoti kemur fram að M telur að „...ábyrgð tjóns sé þess aðila sem ók á bifreið málskotsaðila á rafmagnshlaupahjóli“ og að „rafmagnshlaupahjól sé hluti af innbúi.“

V segir í bréfi sínu til nefndarinnar dags. 13. desember 2022 að það telji að stjórnandi rafhlaupahjólsins hafi sýnt gáleysi við akstur sinn inn á Úlfarsfellsveg og eigi, á grundvelli 5. mgr. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019, ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðar X, en í umræddri grein kemur fram að bætur fyrir tjón á munum meig lækka eða fella niður ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að því af gáleysi. V vísar til ýmissa ákvæði umferðarlaga nr. 77/2019 máli sínu til stuðnings varðandi ætlað gáleysi stjórnanda rafhlaupahjólsins.

Álit.

Málatilbúnað M verður að skilja með hliðsjón af málskoti þannig að hún sé ósátt við þá afstöðu V að ætla að bæta tjón á rafmagnshlaupahjóli úr ábyrgðartryggingu hennar, m.v. þau svör sem hún fékk frá félaginu með tölvupósti dags. 28. október og 7. nóvember 2022 og að það sé sá ágreiningur sem hún ákvað að skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Það skýtur því aðeins skökku við þegar afstaða V, eins og gerð er grein fyrir henni í bréfi félagsins, dags. 13. desember 2022, að það eigi ekki að greiða bætur úr ábyrgðartryggingu M vegna ætlaðs tjóns á rafmagnshlaupahjóli. Ef niðurstaða V hefði verið sú gagnvart M fyrr þá hefði M væntanlega ekki haft tilefni til málskots til nefndarinnar, en ekki kemur fram í gögnum málsins að nokkur váttrygging sé fyrir hendi hjá stjórnanda rafmagnshlaupahjólsins sem M hafi gert kröfu í.

Hvað varðar mögulegan ágreining um rétt til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu M hjá V vegna ökutækisins X telur nefndin að sönnunarbyrði um gáleysi stjórnanda rafmagnshlaupahjólsins hvíli á V. Eins og áður segir liggur ekki fyrir sjálfstæð frásögn hans af atvikum og telst ekki ljóst hvort hann hafi farið út á veg vegna þess að hann hélt að M myndi stöðva við hraðahindrun og hleypa honum yfir eða önnur atriði sem geta haft áhrif á gáleysismatið. Hallann af þeim sönnunarskorti ber V.

Niðurstaða.

Réttur til bóta vegna tjóns á rafmagnshlaupahjóli er til staðar úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

Reykjavík, 17. janúar 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir